



FRÉTTABRÉF UMSE

3. tbl. 23. árgangur 2008



Pistill framkvæðastjóra UMSE

Ágætu Eyfirðingar,

Starf UMSE hefur gengið sinn vana gang á þessu ári. Aukið líf virðist hafa færst í frjálsíþróttastarfið hjá UMSE, en það getum við þakkað óbugandi þjálfara og sterkri frjálsíþróttanefnd. Með auknu starfi fylgir aukinn kostnaður og á þessum síðustu og verstu tímum er styrktaraðila ekki að finna á hverju strái. Þó njótum við enn góðvildar okkar aðal styrktaraðila, Bústólpa ehf., sem gerir okkur kleyft að halda úti eins öflugum frjálsíþróttastarfi og raun ber vitni. Árangurinn lætur ekki á sér standa. Nú þegar eru nokkrir einstaklingar búnir að ná lágmarkum fyrir úrvalshóp og afreks hóp FRÍ. Þá náði sameiginlegt lið UMSE og UFA þeim frábæra árangri að verða bikarmeistari FRÍ 16 ára og yngri.

Undanfarin ár hafa knattspyrnumót UMSE farið nær eingöngu fram á vallarsvæði Umf. Reynis, en að þessu sinni kom beðni frá Umf. Samherjum um að halda a.m.k. eitt mótanna. 12 ára og yngri mótið var því haldið á íþróttavelli Umf. Samherja og tel ég það afar jákvæða þróun að fleiri séu tilbúnir að taka að sér og aðstoða við þá viðburði sem fram fara á vegum UMSE.

Þess má einnig geta að mikill stígandi hefur verið í starfi Umf. Samherja undanfarin ár og býður félagið t.a.m. upp á eftirtaldar íþróttagreinar í vetur: Badminton, blak, fótbolta, frjálsar íþróttir, júdó, körfubolta, skák og sund. Ljóst er að ekki eru mörg ungmennafélög að sömu stærðargráðu sem geta státað af eins fjölbreyttu starfi.

Sveitarfélög innan Eyjafjarðar, þar sem aðildarfélög UMSE hafa aðsetur, hafa á þessu ári líkt og undanfarin ár stutt dyggilega starf UMSE og gera þau rekstur skrifstofunnar mögulegan. Einnig hef ég sem framkvæmdastjóri haft ánæguleg samskipti við sveitarfélögin og sveitarstjóra og langar að þakka það hlýja viðmót sem okkur hefur verið sýnt.

Í vor hóf undirritaður að hafa viðveru á Dalvík tvo þriðjudaga í mánuði. Þetta hefur gefist ágætlega og starfsfólkið í Ráðhúsinu á Dalvík tekið afar vel á móti mér.

Það er ljóst að starf UMSE og aðildarfélaganna er í góðum farvegi og er það verkefni okkar allra að halda vélinni gangandi. Í ljósi atburða líðandi stundar hlýtur það að vera mikilvægt okkur öllum að hafa áfram öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf í grasrótinni. Barna- og unglingastarf er þar að mínu mati þungamiðjan. Til þess að það gangi sem skildi er nauðsynlegt að foreldrar, forráðamenn og áhugasamir um velferð barna- og unglinga haldi áfram mikilvægu starfi sínu á þessum vettvangi. En betur má ef duga skal. Þau verkefni sem ungmenna- og íþróttafélög vinna að safnast gjarnan á fáa

aðila. Ég þekki það sem foreldri barns sem stundar íþróttir, að með öflugum foreldrastarfi skapast gjarnan öflugra íþróttafólk og börnin haldast frekar lengur í slíku starfi sé þeim fylgt eftir. KSÍ hefur t.d. gefið út skemmtilegan kynningarbækling á fjórum tungumálum þar sem settar eru fram hugmyndir um hvernig foreldrar geta komið að starfinu án þess að sitja í stjórnnum eða nefndum félaga og hvet ég foreldra til þess að líta í þennan bækling.

Eins og flestir ættu nú að hafa frétt verður Landsmót UMFÍ haldið í umsjá UMSE og UFA á Akureyri næsta sumar. Verið er að skipa nefnd hjá UMSE sem mun halda utan um keppendur okkar á mótinu. Einnig er verið að skoða mál er varða nýjan íþróttafatnað fyrir UMSE.

Að lokum langar mig að óska öllum félagsmönnum og styrktaraðilum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*Kveðja,
Þorsteinn Marinósson,
Frankvæmdastjóri UMSE.*

Skrifstofa UMSE á Dalvík

Skrifstofa UMSE er, eins og minnst var á í síðasta fréttabréfi, með fastan opnunartíma í Ráðhúsinu á Dalvík. Þetta eru tveir dagar í mánuði, 2. og 4. þriðjudag. Félagsmenn UMSE eru hvattir til þess að nýta sér þetta. Nánari upplýsingar um þetta gefur Þorsteinn Marinósson, framkvæmdastjóri UMSE, í s: 868-3820.

Fréttir af Landsmótsundirbúningi

Á fundi landsmótsnefndar 2. okt. 2008, var ákveðið að Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ yrði framkvæmdastjóri landsmótsins á Akureyri næsta sumar. Undirbúningur fyrir mótið gengur vel og uppbygging íþróttamannvirkjanna á Þórsvæðinu er í fullum gangi.

Landsmótsnefnd hefur einnig ákveðið að keppendabúðir á Landsmóti UMFÍ næsta sumar verði á Rangárvöllum, sunnan Hlíðarfjallsveggar. Upphaflega stóð til að keppendabúðirnar yrðu á vestanverðum Kotárborgum, á svæði Háskólans á Akureyri, en af því gat ekki orðið. Því var það niðurstaða landsmótsnefndar að setja tjaldbúðirnar upp á tünnum á Rangárvöllum, sem eru rétt ofan við Akureyri, á móts við höfuðstöðvar Norðurorku. Erindi landsmótsnefndar um þetta var staðfest í framkvæmdaráði Akureyrar 7. nóvember sl. Á þessu svæði voru einmitt tjaldsvæði á fjölskylduhátíðinni á Akureyri um sl. verslunarmannahelgi og þótti það henta vel í þessum efnun. *(tekið af heimasíðu UMFÍ www.umfi.is)*

Frjálssar íþróttir

Pistill frá þjálfara

Árið 2008 var annamesta ár í frjálsum síðan að ég byrjaði að þjálfa og einnig það árangursríkasta. 15 einstaklingar náðu þeim árangri á árinu 2008 að verða Íslandsmeistarar, 1 unglíngalandsmótsmeistari, 6 einstaklingar komust í úrvalshóp FRÍ og 1 náði því afreki að komast í afrekshóp FRÍ, 2 Íslandsmet voru sett á árinu í yngri flokkunum svo fátt eitt sé nefnt.

Tvær utanlandsferðir voru farnar á árinu, önnur í mars til Portúgal þar sem við fengum að æfa í 10 daga við bestu aðstæður á meðal stórstjarnanna í rússneska landsliðinu. Seinni utanlandsferðin var farin til Svíþjóðar á heimsleika unglínga í Gautaborg (Gautaborgarleikarnir). Báðar ferðirnar voru frábærar og eftirminnilegar í alla staði.

Ég vil nota tækifærið og minna á Ólafsfjarðarleikana sem haldnir verða 2. janúar og upplýsingarsíðuna okkar <http://blog.central.is/jonasari> þar sem ítarlegri annáll verður birtur fyrir áramót með myndum.

Kveðja,

Ari H. Jósavínsson

Breytingar í frjálssíþróttanefnd

Breyting hefur nú orðið í frjálssíþróttanefnd UMSE. Guðfinna Steingrímisdóttir, Umf. Æskunni, hefur nú látið af störfum í nefndinni, en hún hefur veitt nefndinni formennsku um nokkurt skeið. Í hennar stað hefur tekið við formennsku Kristín Hermannsdóttir, Umf. Samherjum, og inn í nefndina kemur Elísabet Inga Ásgrímisdóttir Umf. Æskunni.

Nýársmót UMSE

Nýársmót UMSE í frjálsum íþróttum verður haldið að þessu sinni í íþróttahúsinu á Hrafnagili. Mótið verður laugardaginn 10. janúar 2009 frá kl: 10:00 til kl. 14:00. Nánari upplýsingar um mótið verða sendar út síðar og birtar á heimasíðu UMSE.

Félagsmálanámskeið

Í febrúar á næsta ári verður haldið á Akureyri félagsmálanámskeið. Námskeiðið er á vegum Ungmennafélags Íslands, Bændasamtaka Íslands og Kvenfélagasambands Íslands. Skipuleggjandi og kennari á námskeiðnu er Sigurður Guðmundsson. Þessu verkefni er stýrt frá þjónustumiðstöð UMFÍ. Áhugasömum um námskeiðið er bent að hafa samband við skrifstofu UMSE, Guðrúnu Snorradóttur landsfulltrúa UMFÍ í síma 568-2929 eða 848-5917 (gudrun@umfi.is) eða Sigurð Guðmundsson í síma 861-3379.



*Ungmennasamband Eyjafjarðar
vill óska öllum Eyfirðingum
gleðilegra jóla og farsældar á
komandi ári.*

Útgefandi: Ungmennasamband Eyjafjarðar,
Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@bugardur.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson

